Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2266
komudagur 3.5. 2001

REYKJANESBÆR

Tjarnargata 12 • 230 Keflavík, Reykjanesbær
Sími: 421 6700 • Símbréf: 421 4667 • www.rnb.is

Alþingi
Hildur Njarðvík
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ 2. maí 2001
Tilvísun: 2001040088

Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga 572. mál, heilarlög.

Með vísan til bréfs yðar dags. 4. apríl 2001, hefur Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar og starfsmenn hennar lesið yfir frumvarp til nýrra barnaverndarlaga, borið það saman við núgildandi lög og reynslu okkar af framkvæmd barnaverndarstarfsins. Með hliðsjón af því viljum við koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- **22. gr. Markmið könnunar máls.** Við teljum æskilegt að tímamörk (t.d. 4 mánuðir) séu sett varðandi könnun máls.
- **25.gr. 1.mgr. Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.** Orðalag er með þeim hætti að ætla má að einungis sé hér átt við úrræði fyrir börn sem náð hafa 15 ára aldri.
- **27.gr. Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.** Ekki kemur fram hvort nauðsynlegt er að lögmaður eða ftr. sýslumanns sitji í barnaverndarnefnd þegar mál eru til úrskurðar. Í gömlu lögunum er skýrt kveðið á um þetta atriði.
- **67.gr. Val á fósturforeldrum.** Í síðustu mgr. (og víðar) er vísað til 87.gr. frumvarpsins, en væntanlega átt við 88.gr.
- **75.gr. Framfærsla og annar kostnaður vegna barns.**

1. Teljum æskilegt að lögin kveði á um lámarks fósturlaun. Í dag gætir mikils misræmis milli sveitarfélaga um greiðslur fósturlauna og veldur það oft erfiðleikum í samningum við fósturforeldra.
2. Svo virðist sem önnur setning þessarar greinar sé samin með hliðsjón af þeim undantekningatilvikum sem upp hafa komið varðandi deilur um hver skuli greiða fyrir kostnað vegna skólagöngu og annan kostnað sem til kann að falla vegna sérþarfa barna í fóstri. Þessu viljum við harðlega mótmæla í ljósi þess að við fósturráðstöfun er gert ráð fyrir að barnið sem fóstrað er njóti sömu réttinda og aðrir einstaklingar í því samfélagi sem það býr í. Benda verður á að ekki getur talist eðlilegt að barn sem fóstrað er ungt að árum og fóstrinu ætlað að vara til frambúðar sé stimplað með þessum hætti sem "sveitarómagi". Hluti af því að setja barn í fóstur er að tryggja að það búi við sömu réttindi og önnur börn. Með þessari grein teljum við að verið sé að fara áratugi aftur í

tímann og teljum grundvallaratriði að hún verði endurskoðuð í heild sinni.

- **84.gr. Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.** Til að tryggja að þetta ákvæði ná fram að ganga er æskilegast að slík úrræði væru á hendi ríkisins og tekjustofnar milli ríkis og sveitafélaga endurskoðaðir með hliðsjón af því. Í þessu sambandi má benda á að Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem hefur bolmagn til að reka slíkt úrræði og þó einhver sveitarfélög væru tilbúin og hefðu bolmagn til að sameinast um þjónustuna, er ljóst að úrræðið verður ekki tryggt öllum börnum nema það sé á hendi ríkisins.
- **92.gr. Útivistartími barna.** Í störfum okkar með foreldrum og öðrum sem vinna með börnum höfum við orðið vör við vilja til að halda útivistatímann. Það er þó almennt álit manna að túlkun hans sé of þröng. Til að mæta þessu og í þeirri trú að það kunni að verða til að auðvelda að hann verði haldinn, viljum við leggja til að sumartímabil verði lengt um einn mánuð í hvorn endann, **"1. apríl til 1. október lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir".** Við teljum ekki að þetta verði til þess að öll börn verði úti til ýtrustu tímasetningar, heldur að það hjálpi foreldrum að halda útivistartímann.

Annað:

- Á síðustu fjórum árum höfum við lagt megin áherslu á barnavernd sem jákvætt þjónustuúrræði fyrir fjölskyldur og hefur það borið góðan árangur. Í því sambandi höfum við lagt áherslu á forvarnir í sem víðustum skilningi og þannig gert foreldrum og börnum kleyft að leita ráðgjafar bæði hjá félagsráðgjöfum og sálfræðingum. Til að geta eflt þennann þátt enn frekar vildum við gjarnan sjá nýja frumvarpið taka skýrar á forvarnarhugtakinu en gert er.
- Við viljum benda á nauðsyn þess að barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra verði tryggð námskeið samhliða gildistöku nýrra laga og aðgengi þeirra að lögfróðum mönnum verði tryggt betur en nú er gert.

Að lokum viljum við þakka félagsmálanefnd Alþingis það tækifæri að koma athugasemdum okkar við frumvarpið á framfæri og vonum að þær verði teknar til greina við lokaúrvinnslu frumvarpsins.

Bestu kveðjur

Hjördís Árnadóttir